

HAGNAÐUR AF STARFSEMI VIRK

ÚTREIKNINGUR MIÐAÐ

VIÐ ÁRIÐ 2021



UNNIÐ FYRIR
VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐ,
TALNAKÖNNUN HF.
MARS 2022

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Myndir.....	2
Inngangur	3
Verkefnið	4
Gögn.....	4
Árangur af starfinu	7
Frávikagreining	11
Hvernig er reiknað?.....	13
Reiknaður sparnaður og niðurstöður bókhalds	15
Niðurstaða	17

Myndir

Mynd 1:Dreifing fjölda mánaða í þjónustu.....	4
Mynd 2: Launaferlar (árslaun) þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri.....	5
Mynd 3: Meðalárslaun útskrifaðra eftir lengd þjónustu í mánuðum	6
Mynd 4: Reiknaður hagnaður m.v. stöðu þegar einstaklingur kom til VIRK.....	7
Mynd 5: Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við útskrift	8
Mynd 6: Reiknaður sparnaður 2013 til 2021 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2021 og fjöldi útskrifaður (h. ás)	9
Mynd 7: Reiknaður meðalsparnaður á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013- 2021 (fast verðlag 2021)	10
Mynd 8: Reiknaður sparnaður 2013 til 2021 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2021 og fjöldi útskrifaður (h. ás). Óvinnufærni í 36 mánuði.....	11
Mynd 9: Reiknaður meðalsparnaður 2013 til 2021 á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013- 2021 (fast verðlag). Óvinnufærni í 36 mánuði.....	12
Mynd 10: Framfærsla við gunnmat (framfærsla 1) og við útskrift (framfærsla 1). Hlutfallsleg skipting.....	13
Mynd 11: Kostnaður og reiknaður ábati af starfi VIRK 2021	15
Mynd 12: Skipting ábata af starfi VIRK 2021	16

Inngangur

Í þessari skýrslu er áætlaður sparnaður af endurhæfingu í stað þess að vera á bótum bæði frá atvinnurekendum, sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins. Verkið er unnið að ósk Vigdísar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK). Nú er hægt að bera saman útkomu undanfarin átta ár, en skýrslurnar voru unnar með svipuðum hætti frá 2013 til 2020. Vegna breytinga á tölvukerfum VIRK voru gögn ekki unnin með sama hætti og áður vegna ársins 2019, en þá vantaði hjúskaparstöðu. Nú liggja þær upplýsingar aftur á mótí fyrir og voru notaðar í þessari skýrslu og í skýrslunni fyrir ári. Nú lágu líka fyrir betri gögn um tekjur úr lífeyrissjóðum en í fyrra og þau gögn voru notuð til þess að endurreikna niðurstöðu vegna ársins 2020. Sá útreikningur leiddi til hækkunar á niðurstöðu vegna þess árs. Samanburður milli ára er reiknaður á föstu verðlagi, miðað við núvirðingu með launavísitölu. Ekki er byggt á raunverulegum launum þessara einstaklinga heldur nálgunum. Því ber að túlka niðurstöður af varfærni og skoða reiknuð frávík. Til samanburðar er reiknuð niðurstaða ef óvinnufærni án meðferðar hefði að jafnaði tekið 36 mánuði í stað 60 og nokkur fleiri tilvik.

Verkið var unnið sem hér segir: Fyrir lá ópersónugreinanleg skrá um alla einstaklinga sem útskrifuðust frá VIRK árið 2021. Um þá voru ítarlegar upplýsingar, meðal annars um kyn, aldur, hjúskaparstöðu, lífeyrissjóð, sem og staða þegar starf VIRK byrjar og þegar einstaklingurinn útskrifast. Er þar átt við hvort menn eru í veikindafríi, í vinnu, á sjúkra/slysadagpeningum, endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri og svo framvegis. Ekki lágu fyrir upplýsingar um laun hvers um sig, en hvaða lífeyrissjóði þeir eru í. Talnakönnun hefur upplýsingar um launakúrvur eftir kyni og aldri í nokkrum lífeyrissjóðum og þær upplýsingar voru notaðar til nálgunar á launum einstaklinganna. Alls voru upplýsingar um 1.852 einstaklinga (1.602 einstaklinga árið 2020) sem útskrifuðust. Nú voru um 90% skráðir í ákveðna lífeyrissjóði (90% 2020). Auk þess voru notaðar upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um laun árið 2020 eftir aldri, kyni og hjúskaparstöðu einstaklinga, framreiknaðar með launavísitölu.

Reiknuð voru laun samkvæmt meðaltali einstaklinga úr viðkomandi lífeyrissjóðum og lengd meðferðar hjá hverjum um sig. Þannig er hægt að setja fram ýmsar niðurstöður um tap samfélagsins af veikindunum og hagnað af endurhæfingu. Útreikningar af þessu tagi geta aldrei verið annað en vísbending. Niðurstöður mótast að sjálfsögðu af þeim forsendum sem menn gefa sér og í mörgum tilvikum er erfitt að sannreyna, því ekki er hægt að segja hvernig fólki hefði reitt af ef það hefði ekki verið í endurhæfingu. Talnakönnun hefur ekki lagt sjálfstætt mat á forsendur sem lagðar eru til grundvallar, en miðað við þær benda útreikningarnir benda til þess að starfið sé arðbært.

Benedikt Jóhannesson vann útreikninga, en Jón Benediktsson sérfræðingur hjá Talnakönnun kom einnig að vinnslu gagna.

Reykjavík 28. mars 2022,




Verkefnið

- ▶ Ætlunin er að reyna að finna mælikvarða á sparnað af starfsemi VIRK sem taki mið af raunverulegum árangri undanfarin ár.
- ▶ Starfsemi eins og VIRK sýnir í bókhalda fyrst og fremst kostnað. Árangurinn, sem felst í því að flýta endurhæfingu og stytta tímabil óvinnufærni og minnka tíðni örorku, er ekki mældur til fjár.

Gögn

- ▶ Ópersónugreinanleg gögn fengust frá VIRK yfir alla þá sem útskrifuðust árið 2021, alls 1.852 einstaklinga, 1.310 konur og 542 karlar.

Mynd 1: Dreifing fjölda mánaða í þjónustu




Útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir að langflestir eru á milli 6 og 19 mánuði í þjónustu hjá VIRK.

- ▶ Þar komu fram helstu lýðfræðilegar upplýsingar eins og aldur, kyn, hjúskaparstöðu, menntun og fleira. Öll gögn eru ópersónugreinanleg.

Ekki komu fram upplýsingar um laun, en þau voru annars vegar metin skv. meðallaunum í þeim lífeyrissjóði sem einstaklingurinn var skráður í eða sambærilegum lífeyrissjóði. Einnig voru reiknuð meðallaun samkvæmt RSK eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu á árinu 2021. Tekið var meðaltal af þessum tveimur stærðum. Fylgni milli þessara tveggja nálgunartalna var allgóð ($r^2=0,46$), en munurinn undirstrikar þó að einungis er um nálgun að ræða. Einnig er rétt að benda á að sumir þeirra sem komu til VIRK hafa ekki haft fulla starfsgetu í nokkurn tíma.

Mynd 2: Launaferlar (árslaun) þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri




Útreikningar Talnakönnunar. Byggt er á nálgunum um laun byggt á meðaltölum.

- ▶ Mynd 2 sýnir svipaða ferla og sjá má í flestum lífeyrissjóðum, þ.e. tekjur aukast til 45 ára og standa í stað fram yfir sextugt en lækka eftir það. Karlur eru með hærri tekjur en konur. Þeir eru aftur á móti færri og sveiflur því meiri frá meðalkúrvu.
- ▶ Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki m.v. raunverulegar tekjur þessara einstaklinga heldur reiknaðar meðaltekjur eftir aldri og kyni út frá því í hvaða lífeyrissjóði þeir eru. Hjá þeim sem ekki eru með skráðan lífeyrissjóð er miðað við launadreifingu í lífeyrissjóði, sem er blandaður með félaga úr mörgum stéttum.

Gerðar voru ýmsar prófanir á gögnunum og ekkert benti til þess að í þeim væru neinar meiriháttar villur.

Reiknuð meðallaun þeirra 1.676 sem voru í meðferð 1-24 mánuði voru 481 þúsund krónur á mánuði og 431 þúsund krónur á mánuði hjá þeim 176 sem voru 25 til 56 mánuði.

Mynd 3: Meðalárslaun útskrifaðra eftir lengd þjónustu í mánuðum



Útreikningar Talnakönnunar.


Mynd 3 gefur til kynna að reiknuð laun þeirra sem eru stutt í meðferð séu talsvert hærri að jafnaði en reiknuð laun þeirra sem krefjast lengri meðferðar. Skýringarnar gætu verið lægri meðalaldur þeirra sem eru lengur eða að há laun hvetji menn til þess að snúa hratt aftur til starfa. Rétt er að vekja athygli á því að miklu fleiri eru 1-24 mánuði í meðferð en hinir sem eru lengur. Jafnframt er rétt að minna á að hér er miðað við metin laun en ekki raunveruleg.

Árangur af starfinu

Mikill munur var á því hvernig árangurinn var eftir því hvernig staða fólks var þegar það hóf þátttöku hjá VIRK. Eins og gefur að skilja vegnaði mönnum almennt betur eftir því sem þeir komu fyrir í endurhæfingu eftir að sjúkdómur hófst eða slys varð. Hér að neðan eru sýndar nokkrar myndir þar um, en ekki eru um að ræða tæmandi úttekt.


Á myndunum hér á eftir er sýnt hvernig einstaklingum sem nutu þjónustu VIRK reiddi af m.v. grunnmat, þ.e. það mat þegar þeir koma inn í ferlið. Mynd 4 bendir til að mestur reiknaður árangur náist hjá þeim sem voru á vinnumarkaði þegar þeir hófu meðferð, en einnig þeim sem ekki voru með tekjur, voru í sjúkrasjóði eða á endurhæfingarlífeyri. Í þetta sinn eru óvenju margir sem komust í vinnufært ástand, en höfðu verið tekjulausir við upphaf meðferðar.

Mynd 4: Reiknaður hagnaður m.v. stöðu þegar einstaklingur kom til VIRK



Fjárhæðir í milljónum króna. Útreikningar Talnakönnunar.


Mynd 5: Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við útskrift



Fjárhæðir í krónum. Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 5 sýnir hvernig reiknaður bati var við útskrift. Hann er mestur hjá þeim sem komast í launaða vinnu, en hún er væntanlega markmið flestra sem til meðferðar koma. Mynd 4 og Mynd 5 gefa til kynna að eftir miklu getur verið að slægjast ef endurhæfing tekst vel til. Þarna er fjárhagslegur hagnaður reiknaður í milljörðum króna, en auk þess er auðvitað hagnaður einstaklingsins af því að hafa öðlast starfshæfni á ný. Loks má reikna með því að ýmissa samfélagslegur kostnaður verði mun minni en ella, t.d. kostnaður heilbrigðiskerfisins, en hann er ekki metinn hér.

Mynd 6: Reiknaður sparnaður 2013 til 2021 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2021 og fjöldi útskrifaður (h. ás)



Fjárhæðir í milljörðum króna. Útreikningar Talnakönnunar.


Borinn er saman fjöldi þeirra sem útskrifuðust árið 2021 við þá sem útskrifuðust árin 2013 til 2020. Af myndunum má sjá að fjöldi útskrifaðra eykst á milli 2020 og 2021 sem og reiknaður sparnaður á föstu verðlagi 2021 (Mynd 6).

Rétt er að geta þess að nú fengust fyllri og áreiðanlegri tölur um laun eftir lífeyrissjóðum en lágu fyrir í mars 2021. Því var brugðið á það ráð að endurreikna útkomuna árið 2020. Í ljós kom nokkur hækkun á tölum, í betri takti við fjölgun þjónustuþega.

Myndin gefur til kynna að þegar reiknað er á föstu verðlagi sé fjöldi útskrifaðra áhrifavaldur á reiknaðan heildarsparnað.

Jafnframt er reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling miðað við fast verðlag 2021.

Mynd 7: Reiknaður meðalsparnaður á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013- 2021 (fast verðlag 2021)



Fjárhæðir í milljónum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir að reiknaður sparnaður á hvern útskrifaðan einstakling á föstu verðlagi er minni en áður. Í skýrslu vegna ársins 2020 var talið að tölur vegna ársins kynnu að vera ofmetnar, en athugun bendir til þess að svo hafi ekki verið, miðað við upplýsingar um launadreifingu í lífeyrissjóðum sem nú liggja fyrir. Þau er rétt að minna á að vegna Covid-faraldursins var atvinnuleysi meira árið 2020 en árin á undan, en í slíku ástandi minnka tekjur hjá ákveðnum hópum. Reyndar má segja að allt frá árinu 2015 hafi reiknaður meðalsparnaður verið býsna jafn eða frá 15,4 milljónum og upp í 16,8 milljónir (eða 16,1 milljón +/- 0,7 milljónir), allt á verðlagi ársins 2021.


Frávikagreining

Hér að framan er reiknaður sparnaður metinn með sama hætti og í fyrri skýrslum, þ.e. miðað er við að þeir sem náðu bata hefðu án meðferðar verið óvinnufærir í 60 mánuði (fimm ár). Með þessum forsendum er niðurstaðan um 30 milljarðar króna. Eins og vikið hefur verið að í fyrri skýrslum er útilokað að gefa eina „réttu“ tölu um hvernig meta á árangurinn og því eðlilegt að skoða líka útkomu ef miðað er við aðrar forsendur.

Hvernig hefði niðurstaðan verið ef t.d. væri miðað við 36 mánuði, svo dæmi sé tekið? Á Mynd 8 og Mynd 9 hér á eftir ef miðað við að án meðferðar hefðu viðskiptavinir VIRK verið óvinnufærir í þrjú ár.

Myndirnar sýna sams konar ferla og sömu meginniðurstöðu og fyrri myndir, þ.e. að reiknaði sparnaðurinn er mjög mikill eða um 20 milljarðar króna á móti kostnaði upp á um 3,7 milljarða króna.

Mynd 8: Reiknaður sparnaður 2013 til 2021 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2021 og fjöldi útskrifaður (h. ás). Óvinnufærni í 36 mánuði




Fjárhæðir í milljörðum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Hægt er að taka íhaldssamari útreikning og reikna með því að hjá skjólstæðingum VIRK væri miðað við að starfið hjá VIRK kæmi öllum 12 mánuðum fyrir á vinnumarkað en ef þess nyti ekki við væri reiknaði sparnaðurinn fyrir samfélagið af VIRK tæplega 5,8 milljarðar króna árið 2021 (á móti tæplega fjögura milljarða kostnaði). Fjárhæðin skiptist þannig að fyrir þá sem komast í launaða vinnu er reiknaði sparnaðurinn 4,5 milljarðar króna, rúmlega 800 milljónir króna fyrir þá sem fara á atvinnuleysisbætur og tæplega 250 milljónir króna á þá sem fara á námslán.

Á Mynd 9 má svo sjá meðalsparnað á einstakling miðað við að meðferð hefði tekið 36 mánuði ef ekki hefði komið til starfsem VIRK. Að frátöldu fyrsta árinu er sparnaðurinn á bilinu 10,2 til 11,5 milljónir króna á hvern einstakling.

Mynd 9: Reiknaður meðalsparnaður 2013 til 2021 á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013- 2021 (fast verðlag). Óvinnufærni í 36 mánuði



Fjárhæðir í milljónum króna. Útreikningar Talnakönnunar.


Þessar vangaveltur sýna að jafnvel miðað við íhaldssamari forsendur benda niðurstöður til þjóðhagslegrar arðsemi af starfseminni.

Hvernig er reiknað?

Meginútreikningar eru með sama hætti og fyrri ár. Eins og áður hefur verið vikið að skipta forsendur miklu máli. Reiknað hefur verið miðað við að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (fimm ár) óvinnufærir. Nú er reiknað til samanburðar tilvik sem miðar við óvinnufærni í 36 mánuði, en í forsendum af þessu tagi er aldrei hægt að gefa sér eina „réttu“ tölu. Mestu skiptir þó að ábatinn af starfseminni, sem vissulega er erfitt að reikna af nákvæmni, sé meiri en kostnaðurinn við reksturinn. Jafnframt er vakin athygli á því að í námunda við meðaltalið 60 mánuði er um 1,3% frávik í plús eða mínus eða nálægt +/-400 milljónir króna.

Á Mynd 10 má sjá hvernig staða þeirra sem nutu þjónustunnar var við upphaf og lok meðferðar hjá VIRK árið 2021. Á myndinni sést að þeim fjölgar mest sem eru í launaðri vinnu, en einnig er mikil fjölgun þeirra sem fá endurhæfingarlífeyri. Aftur á móti fækkar þeim mest sem fá aðstoð frá sjúkrasjóði eða þiggja fjárhagsaðstoð, en það eru tímabundin úrræði. Einnig fækkar í þeim hópi sem hefur engar tekjur.

Mynd 10: Framfærsla við gunnmat (framfærsla 1) og við útskrift (framfærsla 1). Hlutfallsleg skipting



Útreikningar Talnakönnunar


- ▶ Mennt geta gefið sér ýmsar forsendur við matið. Erfitt er að segja hve lengi hver um sig hefði orðið óvinnufær, ef ekkert hefði verið að gert.
- ▶ Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur, meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku.

- ▶ Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR við komu til VIRK kemur inn til VIRK og útskrifast á vinnumarkað (þ.e. er með laun á vinnumarkaði, atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift) er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK. Þannig eru um 1,4 milljarðar króna í reiknaðan ábata. Reynslan sýnir að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.
- ▶ Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina. Þetta er í samræmi við þær tölur sem hafa komið frá TR en þær sýna að um helmingur þeirra sem fer á endurhæfingarlífeyri endar á örorkulífeyri.
- ▶ Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði. Reiknaður ábati vegna þessa er rúmlega 4,3 milljarðar króna.
- ▶ Með sama hætti er horft á þá einstaklinga sem voru ekki á launum þegar þeir komu inn í meðferð hjá VIRK en voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift. Reiknaður ábati vegna þessa er rúmlega 5,5 milljarðar króna. Ef til vill er það of hátt hlutfall að miða við helming fyrir þennan hóp, því tekjuleysið kann að stafa af öðru en óvinnufærni.
- ▶ Með aðra er horft á að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (fimm ár) óvinnufærir.
- ▶ Ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum í þessum hópi, en hún kostar samfélagið auðvitað mjög mikið.
- ▶ Tala mánaða í meðferð er dregin frá 60 og niðurstöðutalan margfölduð með reiknuðum launum. Reiknað var núll, ef meðferð tók lengri tíma en 60 mánuði.
- ▶ Formúlan fyrir síðasta hópinn er:
- ▶ $(60 - \text{mánuðir í meðferð}) \times \text{reiknuð laun}$
- ▶ Reiknað fyrir hvern og einn og fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu.
- ▶ Niðurstaðan gefur 30,0 milljarða króna í ávinning. Í fyrra var sambærileg tala 27,3 milljarðar (fast verðlag 2021, núvirt með launavísitölu).
- ▶ Breytingar í forsendu um einn mánuð gefa tæplega 1,3% frávik í plús eða mínus eða um +/-400 milljónir króna.
- ▶ Þetta þýðir að reiknaður sparnaður ef miðað er við 50 mánuði í stað 60 er reiknaði sparnaðurinn 26 milljarðar, um 22,8 milljarðar króna ef miðað væri við 42 mánuði, 18 milljarðar ef miðað er við 30 mánuði og 14,1 milljarður ef miðað er við 20 mánuði.

Reiknaður sparnaður og niðurstöður bókhalds

Til fróðleiks má setja inn kostnað VIRK skv. ársreikningi árið 2021 með reiknuðum ábata.

Mynd 11: Kostnaður og reiknaður ábati af starfi VIRK 2021




Tölur á myndinni eru í milljörðum króna. Blái hluti vinstri súlunnar sýnir kostnað árið 2021, en hann var sem næst sá sami og iðgjöld. Kostnaður var 3.655 milljónir króna en tekjur, iðgjöld að viðbættu framlagi ríkisins, um 3.617 milljónir króna eða aðeins minni en kostnaður. Ársreikningur VIRK. Útreikningar Talnakönnunar.

- ▶ Einnig var reiknað tryggingafræðilegt núvirði starfsævi við útskrift fyrir sérhvern einstakling og flokkað eftir hópum.
- ▶ Niðurstaðan er sú að heildarvirðið hafi verið 148 milljarðar króna. Þar af reiknast 69 milljarðar króna á þá sem fara í launaða vinnu.
- ▶ Ávinninginn má reikna sem hlutfall af þessari tölu, t.d. að einn af hverjum tveimur hafi öðlast bata fyrir tilstilli VIRK. Kostnaðurinn er aðeins 2,5% af þeirri tölu, eða 1/40 hluti.
- ▶ Þessir útreikningar sýna að það er ekki hægt að benda á eina tölu sem hagnað af endurhæfingarstarfinu. Hins vegar benda tölurnar til þess að hann sé mikill.

Til fróðleiks var sett fram hvernig áætlaður ábati skiptist milli Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða, einstaklinganna og ríkisins í formi skatttekna. Þetta sést á Mynd 12:

Mynd 12: Skipting ábata af starfi VIRK 2021



Útreikningar Talnakönnunar.

Á Mynd 12 er rétt að benda á að einstaklingar sem eru með lág laun geta verið betur settir fjárhagslega ef þeir fara á örorkulífeyri Tryggingastofnunar. Þeir eru táknaðir með neikvæðu súlunni lengst til hægri. Ef um ungt fólk er að ræða er líklegt að launin muni hækka síðar á ævinni þannig að slíkur „hagnaður“ er þá aðeins tímabundinn.

Miðað við þetta var reiknaður hagnaður lífeyrissjóða í heild um 15,0 (10,2) milljarðar króna, reiknaður hagnaður Tryggingastofnunar um 13,1 (8,9) milljarðar króna og ríkið fær viðbótar reiknaðar skatttekjur upp 0,8 milljarða króna (0,6). (Tölurnar miða við að án meðferðar hefðu allir verið frá í 60 mánuði, en tölurnar í sviga miða við 36 mánaða fjarveru). Ofan á þetta kemur svo hagur einstaklingsins, sem er bæði fjárhagslegur og í formi þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið þátt í samfélaginu.

Niðurstaða

- ▶ Þessi greining gefur vísbendingu um hverju starf VIRK skilaði á árinu 2021.
- ▶ Ábatinn af starfseminni skilar sér bæði til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna. Ofan á það bætist ábati einstaklingsins.
- ▶ Mjög erfitt er að finna einhlítan mælikvarða á árangurinn, en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur frá ári til árs sem gefa þá vísbendingu um þróun. Þá er auðvitað líka mikilvægt að útreikningar byggi á skynsamlegri nálgun, en í útreikningum af þessu tagi er ómögulegt að gefa eina tölu um sparnað af starfseminni. Jafnvel íhaldsamar forsendur gefa til kynna jákvæða niðurstöðu.
- ▶ Til þess að fá betri hugmynd um hvaða áhrif meðferðin hefur þyrfti að gera viðameiri könnun þar sem fengnar yrðu upplýsingar um tekjur þeirra sem meðferðarinnar njóta í nokkur ár áður en hún hefst og eftir að henni lýkur. Slík rannsókn þyrfti að vinnast í samvinnu við skattayfirvöld og með samþykki Persónuverndar.
- ▶ Talnakönnun leggur sem fyrr áherslu á að matið er mikilli óvissu háð, en telur að niðurstöðurnar bendi eindregið í þá átt að starf VIRK sé arðbært.

